

Nd.

1282. Nefndarálit

[493. mál]

um frv. til l. um sparisjóði.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. til laga um sparisjóði kom seint inn í þingið. Þessa grundvallarlöggjöf fyrir alla sparisjóði landsins á nú að afgreiða á fáeinum sólarhringum eins og frv. um viðskiptabanka. Minni hl. nefndarinnar mótmælti þessum vinnubrögðum sérstaklega í nefndinni, svo og því að þessi frv. eru afgreidd án þess að frv. til seðlabankalaga hafi verið lagt fram en það er þó tilbúið í viðskiptaráðuneytinu. Viðskiptaráðuneytið hafði bankafrv. og sparisjóðafrv. á annað ár en síðan eru þinginu ætlaðir fáeinir sólarhringar til að koma málum frá sér. Þessi vinnubrögð eru ámælisverð.

Minni hl. flytur brtt. við bankafrv. á sérstöku þskj. Það fer eftir afdrifum þeirra tillagna hvort fluttar verða brtt. við frv. um sparisjóði. Verði brtt. minni hl. við bankafrumvarpið felldar mun undirritaður greiða atkvæði á móti því frv. í heild svo og þeim ákvæðum í frv. um sparisjóði sem lúta að vaxtafrelsinu.

Nánari atriði varðandi mál þetta munu koma fram í framsöguræðu.

Alþingi, 14. júní 1985.

Svavar Gestsson.